

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

TILLAGA AÐ ÁLYKTUN UM STYTTINGU NÁMS Í FRAMHALDSSKÓLUM

Sjöundi aðalfundur FF haldinn 26.-27. apríl 2018 telur styttingu náms í framhaldsskólum vera vanhugsaða

Árið 2014 lýstu þáverandi menntamálayfirvöld einhliða ákvörðun sinni um styttingu náms til stúdentsprófs í hvítbók. Þó aðdragandi þess væri nokkur var ekkert faglegt samráð haft við FF um kosti og galla þess að stytta nám í framhaldsskólum.

Stjórnvöld fullyrtu að stytting námsins fæli í sér mikinn sparnað og að brotthvarf úr námi myndi minnka. Nú hefur komið í ljós að álag á nemendur vegna samþjöppunar í námi og lengri skóladags hefur aukist verulega og minni tími er til félagslífs og tómstundastarfs. Brotthvarf úr námi hefur ekki minnkað, öfugt við það sem hvítbókin boðaði.

Námsframboð hefur látið undan síga sem leiðir til lakari undirbúnings nemenda fyrir frekari menntun og störf á vinnumarkaði. Nýlegar tölur Hagstofu sýna samdrátt í kennslu erlendra tungumála. Álag á kennara og skólastjórnendur hefur aukist og fyrirsjáanlegt er að styttingin mun hafa mikil áhrif á starfsöryggi fagfólks í skólunum til hins verra. Framhaldsskólar hafa búið við langvarandi fjársvelt og árleg framlög á hvern nemanda hafa verið langt undir því sem sómasamlegt þykir í löndum sem við höfum viljað bera okkur saman við.

Fundurinn áréttar að ákvarðanir um nám og námstíma nemenda eiga að ráðast af faglegum sjónarmiðum. Gæði menntunar verða ekki mæld í skilvirkni og afköstum og menntakerfið er ekki færiband sem þarf að snúast hraðar. Slík hugsun horfir fram hjá almannagæðum menntunar, lýðræðislegum áhrifum hennar og félagslegu mikilvægi fyrir einstaklinga og samfélag.

Aðalfundur FF hvetur mennta- og menningarmálaráðherra til að láta fara fram óháða faglega úttekt á styttingu náms í framhaldsskólum sem nýta megi til að gera úrbætur á framkvæmdinni.